



Byggðastofnun,
Súsanna Björg Fróðadóttir,
Sauðármýri 2
Sauðárkróki

Grenivík 20. mars 2023.

Umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps vegna breytinga á pósthjónustu, sbr. erindi frá 8. mars 2023, málsnr. 2302069.

Á Grenivík hefur Jónsabúð lengi séð um póstafræðslu skv. samningi við Íslandspóst, en þeim samningi hefur nú verið sagt upp með 6 mánaða fyrirvara.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps bókaði á fundi sínum um málið þann 27. febrúar sl. undir dagskrárlið nr. 12;

„12. Frá Íslandspósti, pósthjónusta í nútíð og framtíð, dags. 8. feb. 2023.

Íslandspóstur boðar breytinga á pósthjónustu í sveitarfélaginu sem koma til með að skerða hjónustu við íbúa. Sveitarstjórn óskar eftir viðræðum við innviðaráðherra um framtíð pósthjónustu á svæðinu með það að markmiði að leita lausna sem eru öllum aðilum hagfelldar.“

Hjálagt fylgir erindi það er sent var ráðherra í framhaldinu, fundur ráðherra með forsvarsmönnum hreppsins er áformaður 31. mars nk.

Til viðbótar og til frekari útskýringa á hugmyndum sveitarstjórnar um lausnir, er rétt að fara aðeins yfir málið.

Íslandspóstur ber fyrir sig mikinn samdrátt í bréfasendingum í hreppnum vegna rafrænnar þróunar og annarra tæknibreytinga. Einnig að sett verði upp pósthjónusta sem sé aðgengilegt allan sólarhringinn sem í raun bæti hjónustu.

Varðandi fyrri þáttinn er það rétt að hluta, en að hluta er samdrátturinn bein afleiðing af óþægri hjónustu Íslandspósts við dreifingu pósts. Annars vegar þegar farið var að senda allan póst af staðnum bæði til Akureyrar og Reykjavíkur til flokkunar sem lengdi dreifingu á innanbæjarpósti úr því að vera samdægurs upp í allt að viku. Einnig síðar þegar ferðum var fækkað frá því að vera alla virka daga, fyrst niður í annan hvern virkan dag og síðar í tvo daga í viku, miðvikudag og föstudag.

Í þessu sambandi má benda á tvo pistla sveitarstjóra frá [2015](#) og [2018](#) um málefni pósthjónustu, þeir skýra nokkuð þessa öfugþróun.

Sveitarstjórn er ljós sá rekstrarvandi sem að Íslandspósti hefur steðjað. Hins vegar hefur áður verið bent á aðrar leiðir til sparnaðar í rekstri en að skerða hjónustu við íbúa hinna dreifðu byggða. Þó til sannsvegar megi færa að með pósthjónustu lengist afgreiðslutími, verður að benda á að þeim fylgir einnig óhagræði fyrir íbúa og mannlegi þátturinn hverfur, sem hentar t.d. sumum eldri íbúum illa. Einnig og ekki síður, verður að nefna að það þarf að hjónusta boxin, fylla og tæma. Ef pósthjónusta eru áfram tvær á viku er hæpið að tala um bættu hjónustu.



Ekki hafa heldur verið lagðar fyrir kostnaðartölur sem sýni hver sparnaður eigi að verða við þjónustu á staðnum.

Fyrir þingi liggur frumvarp um breytingu á póstlögum til að þessi þjónustuleið, póstbox, verði lögleg og fær. Vald til breytinga á póstþjónustu er hjá Alþingi. En er vilji til að breyta til þess að bæta þjónustu við íbúa, eða bara til þess að ná sparnaði með skerðingu á þjónustu??

Í þessu samhengi má nefna „hvítbók, drög að stefnu um málefni sveitarfélaga,” sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 17. mars 2023. Í inngangi er m.a. talað um „...stefnu ráðuneytisins um að íbúar í öllum sveitarfélögum geti búið við eins sambærileg búsetuskilyrði og aðgengi að þjónustu og kostur er.“ Á liðnum árum hefur þetta sjónarmið margoft verið sett fram af ráðherra og embættismönnum, þ.e. að íbúar eigi rétt á góðri og sem jafnastri þjónustu óháð búsetu. Með endurteknum niðurskurði í þjónustu ríkisins úti á landi, verður sú spurning ansi áleitin, hvort þetta sjónarmið ráðuneytisins eigi aðeins við þjónustu sveitarfélaga en nái ekki til stofnana ríkisins?

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps leggur til að gagnger endurskoðun á póstþjónustu verði hafin tafarlaust með það að markmiði að bæta þjónustu en ekki skerða, en á sama tíma leita hagkvæmstu leiða. Bent er á að t.d. mæti flytja póst milli Grenivíkur og Akureyrar, (raunar dreifa á bæi á leiðinni líka), með vöruflutningum Hafsteins Sigfússonar. Hann fer alla virka daga nema miðvikudaga og yrði þá tvöföldun á ferðatíðni póstsins. Það er nokkuð sjálfgefið að það er ódýrara en að senda mannaðan póstbíl, jafnvel þó hann fari aðeins tvisvar í viku.

Einnig er bent á, að það að tefja dreifingu pósts með óþörfum flutningum fram og aftur um landið getur ekki leitt til sparnaðar, en klárlega leiðir það til lakari þjónustu. Sveitarstjórn leggur því til að sú regla sem áður var við lýði, að póstur fari jafnan einföldustu og stystu leið frá sendanda til viðtakanda, verði innleidd á ný.

Jafnframt er bent á að ríkið niðurgreiðir ferðir strætó víða um land. Ekki er ólíklegt að spara megi allnokkra fjármuni með því að nýta sömu bifreiðar til flutnings á vörum/fólki og pósti á ýmsum leiðum. Mjög trúlega er hægt í leiðinni að bæta þjónustu, svo sem bent er á í tilviki Grenivíkur.

Til þess þarf lagabreytingar, eins og þarf raunar um póstboxin sem áður er getið. Vilji er allt sem þarf. Það er algerlega ljóst í huga sveitarstjórnar, að samkeppnislög og lög um póstþjónustu eiga að virka neytendum í hag, en alls ekki eiga þau að vinna gegn því að íbúar geti fengið eðlilega og góða þjónustu með lágmarks tilkostnaði. Þá hafa lögin snúist í andhverfu sína og Alþingi hreinlega ber að leiðrétta slíka stöðu.

Einnig má velta fyrir sér þeirri fullyrðingu að póstbox leiði til sparnaðar þar sem pósturinn þarf þá ekki að hverjum dyrum heldur aðeins á einn stað í þorpi eða hverfi. Auðvitað er það sparnaður fyrir póstin, en á móti lendir fyrirhöfnin á íbúunum sjálfum að sækja póstin. Þeir þurfa þá allir að fara fram og til baka frá sínu húsi í póstboxið, í stað þess að pósturinn fari einfaldan hring, hús af húsi. Ef tími og fyrirhöfn er reiknuð til kostnaðar, leiðir þetta því augljóslega til verulegs kostnaðarauka fyrir samfélagið sem heild.

Þá er rétt að nefna kolefnisspor, væntanlega skiptir það máli við dreifingu pósts, ekki síður en annarsstaðar. Það er augljóslega minna mengandi að samnýta ferðir sem þegar eru til staðar á milli staða. Á sama hátt er kolefnissporið minna ef einn aðili fer hring um þorpið með



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

póstinn, fremur en allir íbúar geri sér ferð að sækja hann í póstboxið, ólíklegt er að þær ferðir allar verði á fæti.

Rekstur verslana á minni þéttbýlisstöðum og í dreifbýli hefur lengi verið erfiður og hefur Byggðastofnun á seinni árum lagt slíkum verslunum til rekstrarstyrki all víða. Þess hefur ekki þurft á Grenivík til þessa, en uppsögn Íslandspósts á þjónustusamningi við Jónsabúð setur rekstur verslunarinnar í mikla hættu. Þannig getur þjónustuskerðing af hálfu ríkisfyrirtækis haft keðjuverkandi áhrif á þjónustustig í Grýtubakkahreppi ef ekkert verður að gert. Ef búðin fellur hefur það bein áhrif til veikingar vöruflutninga þeirra sem áður var minnst á, flutningur á pósti myndi hins vegar styðja við þann rekstur.

Vandséð er hvornig þessi öfugþróun sem við okkur blasir nú, rímar við stefnu ráðuneytisins um „...að íbúar í öllum sveitarfélögum geti búið við eins sambærileg búsetuskilyrði og aðgengi að þjónustu og kostur er.“

Sveitarstjórn leyfir sér að ætla að þessi stefna ráðuneytisins sé ekki bara orð á blaði, heldur sé meining á bak við orðin.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að fela Byggðastofnun að fara í þá gagngeru endurskoðun eða úttekt á póstþjónustu á landsbyggðinni sem lögð er til. Jafnframt að það verði skoðað í samhengi við flutninga á vörum og fólki eftir því sem við á. Með það skýra markmið að leiðarljósi að minnka kostnað í heild fyrir landsmenn, en á sama tíma að þjónusta verði bætt frá því sem nú er eftir því sem mögulegt er.

Framangreind umsögn var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps 20. mars 2023.

Auk Byggðastofnunar er umsögnin send til:
Innviðaráðherra
Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis
Þingmanna kjördæmisins
Sambands íslenskra sveitarfélaga